


FRAMKVÆMD UMBÓTAÁÆTLUNAR Í KJÖLFAR EFTIRFYLGNIÚTTEKTAR

Júlí 2019



Grunnskólinn á Þórshöfn
Ásdís Hr. Viðarsdóttir

Inngangur

Árið 2011 var gerð úttekt á starfsemi Gunnskólans á Þórshöfn og í kjölfar hennar skilaði skólinn umbótaáætlun til mennta- og menningamálaráðuneytis sem fylgst hefur með framgangi umbóta síðan þá. Vorið 2016 var síðan eftirfylgniúttekt á vegum ráðuneytisins til að meta hvort upplýsingar sem fram komu í umbótaáætlun væru réttar og áreiðanlegar. Fram kemur í eftirfylgniúttekt að ýmislegt hefur áunnist en þó þurfi að vinna umbótaverkefni áfram til að tryggja að árangur náist.

Frá vorinu 2016 hafa miklar umbætur orðið á skólahúsnæði og má með sanni segja að með nýrri skólabyggingu hafi orðið til nýr skólabragur. Niðurstöður kannanna sýna svo ekki verður um villst að skólastarfið er á góðri leið. Nemendur, foreldrar og starfsfólk er ánægðari í starfi og með starfið, nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum og er með jákvætt viðhorf gagnvart þeirri vinnu sem þar fram. Framfarir í námi nemenda eru miklar og viðhorf nemenda til náms og framhaldsnáms hafa breyst. Síðustu þrjú ár hafa allir nemendur Grunnskóla Þórshafnar sem útskrifast farið í framhaldsnám og er sú þróun ákaflega ánægjuleg.

Erfitt hefur verið að manna skólann með menntuðum kennurum en nú er að verða breyting þar á. Á komandi skólaári verða þrettán kennarar starfandi. Sjö af þeim eru menntaðir kennarar aðrir fjórir eru í námi og eru langt komnir. Þetta er mjög jákvæð þróun og vonandi heldur hún áfram. Mikilvægt er fyrir samfélagið að hafa menntað fagfólk og því hefur sveitarfélagið gefið leiðbeinendum í kennararnámi mikinn sveigjanleika til að samræma námið sem og kennsluna í skólanum. Þessi sveigjanleiki er afar mikilvægur fyrir alla aðila og skilar sér margfalt til samfélagsins.

Faglegt starf hefur aukist mikið á síðustu misserum, innleiðing á nýjum Mentor, samræming á bekkjarnámskrám, sjálfsmatsteymi hefur verið stofnað svo eitthvað sé nefnt. Með nýrri heimasíðu verður hægt að gera þetta starf sýnilegra sem er mikilvægt. Vinna við heimasíðuna dróst en vonir standa til að hún verði tilbúin núna strax í byrjun nýs skólaárs.

Stjórnun	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi/Framkvæmd
Vinna að bættum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins	Samtalsvikum hefur verið bætt inn á skóladagatal til þess að efla frekari samskipti heimilis og skóla. Skólastjóri situr flesta teymisfundi og sér til þess að gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna skólans. Aukin samskipti milli skóla/foreldrafélags í formi viðburða og verkefna.	Skólastjóri og starfsfólk skólans sem og formaður foreldrafélags	Starfað verður jafnt og þétt yfir skólaárið að bættum samskiptum meðal allra þeirra er koma að skólanum. Hvert tækifæri er nýtt til að efla samstarf. Foreldraráðið hefur komið sterkt inn í starfið og skilar það sér í betri samskiptum milli allra aðila
Klára og samræma bekkjarnámskrá og setja á heimasíðu	Bekkjarnámskrár allra árganga hafa verið samræmdar og munu framvegis birtar á nýjum vef skólans.	Skólastjóri	Skólaárið 2018 – 19 hafa kennarar verið að vinna saman og samræmt bekkjarnámskrár. Foreldrar fengu afhentar bekkjarnámskrár síðasta vetur en þær munu framvegis vera birtar á nýjum vef skólans.
Leita allra leiða til að ráða menntaða kennara til starfa	Mjög mikilvægt er að fagmennska sé höfð að leiðarljósi í GP og að menntaðir kennarar séu starfandi við skólann. Hlutfall leiðbeinandi hefur verið hátt en menntuðum kennurum hefur verið að fjölga jafnt og þétt	Skólastjóri - Fræðslunefnd	Þrettán kennarar munu starfa við skólann næsta skólaár og af þeim eru sjö menntaðir kennarar. Fjórir hinna eru í kennaranámi og því aðeins tveir leiðbeinendur sem ekki eru í kennaranámi og stefna ekki á slíkt. Staðan hefur sjaldan verið eins góð hvað menntun kennara varðar og mikilvægt að þessi þróun haldi áfram. Því hefur verið liðkað til fyrir kennaranemum þannig að þeir geti sinnt námi sínum meðfram kennslu.

Stofna matsteymi með þátttöku allra hagsmunahópa	Nú þegar hefur verið stofnað matsteymi innan skólans. Í teyminu er skólastjóri, tveir umsjónarkennarar einn af yngsta stigi og hinn af unglingsstigi sem og einn stuðningsfulltrúi.	Skólastjóri	Teymið fundaði reglulega síðasta skólaár þar sem farið var m.a. yfir niðurstöður nemendakannana, samræmdra prófa og annarra prófa. Niðurstöður voru kynntar sem og aðgerðaráætlanir
Gera matsáætlanir og vinna samkvæmt þeim, afla fjölbreyttra gagna, greina niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta, setja niðurstöður og umbótaáætlun fram og vinna markvisst að umbótum og fylgja þeim eftir	Nú þegar hefur matsteymi verið stofnað sem mun sjá um að framkvæma þessa þætti er um ræðir	Skólastjóri og matsteymi	Matsteymi hefur unnið eftir matsáætlun þar sem fram kemur hvaða þættir skulu meta og það síðan kynnt og unnið í samstarfi við starfsmenn og kennara skólans.

Skólabragur	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi/Framkvæmd
Endurbætur á húsnæði skólans eru brýnar	Verki lokið	Sveitarstjóri, skólastjóri	Verki lokið – Eðlilegt viðhald í framhaldinu
Vinna þarf með samskipti innan ákveðinna árganga út frá niðurstöðum kannana	Bekkjarfundir hafa verið settir inn á stundatöflu allra bekkja og umsjónarkennarar vinna jafnt og þétt að bættum samskiptum í bekk sem og við aðra nemendur skólans.	Skólastjóri, umsjónarkennarar og allir starfsmenn. Einnisteymi.	Vinna sem á sér stað jafnt og þétt yfir allt skólaárið. Innleiðing á jákvæðum aga í samstarfi við Leikskólann Barnaból er fyrirhugað skólaárið 2019 – 20 sem ætti að stuðla að bættum samskiptum allra aðila.
Vinna markvisst að forvörnum gegn einelti og tryggja að ávallt sé tekið á málum sem upp koma	Einnisteymi hittist reglulega og fer yfir þau mál sem upp koma.	Skólastjóri, einnisteym og allt starfsfólk skólans.	Vinna sem á sér stað allt árið. Einnisteymi hittist reglulega og gerir sér far um að vera sýnilegt sem og upplýsa nemendur sem og kennara

Samskipti	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi/Framkvæmd
Tryggja þarf gott upplýsingastreymi innan skólans	Efla þarf enn frekar upplýsingagjöf til allra starfsmanna. Ný heimasíðu sem hefur verið í vinnslu og er væntanleg nú í ágúst skiptir höfuðmáli. Einnig er mikilvægt að upplýsingaskjúr komist í gagnid sem fyrst	Skólastjóri, kennarar og annað starfsfólk skólans	Vinna sem á sér stað jafnt og þétt yfir allt skólaárið.
Gæta þess að unnið sé eftir markmiðum aðalnámskrár í öllum árgöngum	Strax í byrjun skólaárs var farið í markvissa vinnu varðandi þennan þátt og komu allir kennarar að því verkefni. Farið var yfir allar námsgreinar, skoðaðar kennslubækur og Aðalnámskrá höfð til hliðsjónar.	Skólastjóri, kennarar, matsteymi	Endurskoðað í upphafi hvers skólaárs í tengslum við nýtt námsefni og/eða breyttar áherslur.
Endurvekja starfsemi skólaráðs, gæta þess að ráðið sé fullskipað og fulltrúar lýðræðislega kosnir	Skólaráð fundaði reglulega síðasta vetur.	Skólastjóri - Fræðslunefnd	Skólaráð skal starfa samkvæmt reglugerð og skal funda að minnsta kosti tvisvar á skólaári eða oftari ef þurfa þykir. Skipað skal í skólaráð á fyrsta starfsmannafundi í upphafi hvers skólaárs.

<p>Tryggja eins og kostur er að sérkennsla og stuðningur sé í höndum sérkennara og/eða fagmenntaðs starfsfólks.</p>	<p>Komandi skólaár mun sérkennari sinna sérkennslu. Einnig er stuðningur í höndum Félagsliða.</p>	<p>Skólastjóri - Fræðslunefnd</p>	<p>Sérkennaramenntaður einstaklingur fer með umsjón sérkennslu í dag. Allt verður gert til að svo verði áfram.</p>
<p>Huga vel að þörfum skólans þegar samningur um sérfræðiþjónustu er gerður og gæta þess að kennarar séu vel upplýstir um hvaða þjónusta fylgi samningnum</p>	<p>Nýr Samningur við Norðurþing er í gildi. Í nýjum samningi er aukin þjónusta við skólann ásamt því að stuðningur er meiri við starfsmenn skólans.</p>	<p>Sveitarstjóri, sveitarstjórn og skólastjóri</p>	<p>Nýr samningur er við skólann og þjónustan hefur verið stórbætt Helsta viðbótin er meiri stuðningur við kennarar, aukin ráðgjöf og faglegur stuðningur. Með tilkomu samningins var komið á samstarfi milli skólastjóra við skólastjóra í Norður þing. Einnig hefur skólastjóri mjög gott aðgengi að starfsmönnun skólaþjónustu. Samningur er endurskoðaður reglulega.</p>